


Svo virðist sem Asgrímur hafi haft Lómagnúp í huga, þegar hann gerði þessa teikningu árið 1905. Ekki er vitað hvort teikningin er gerð eftir þjóðsögu eða hugmynd.

að halda, að Ásgrímur hafi hreinlega verið ástfanginn af Mjaðveigu, svo oft hefur honum orðið hugsað til hennar og teiknað. Kannski hafa stefin í vinnubókunum verið óður til hennar. Það verða áreiðanlega margar útgáfur af Mjaðveigu á sýningunni á Kjarvalsstöðum. Og ýmsar smámyndir sem Ásgrímur gerði í Róm verða þar einnig.

— Eru það landslagsmyndir frá Ítalíu?

Ég vil taka það fram í sambandi við Rómarferð Ásgríms árið 1908, þegar Alþingi veitti honum stóra styrkinn, að það er greinilegt að ítalskt landslag hefur ekki hrifið hann sérstaklega. Ég hefi aðeins séð tvær vatnslitamyndir af ítölsku landslagi eftir Ásgrím, og báðar eru þær í safni hans. En ef hann tók sér fyrir hendur að vinna þar, þá virðist hugur hans hafa verið hér heima hvað snerti viðfangsefni. Í þessum vinnubókum frá árinu 1908 voru m.a. ákaflega fallegar vatnslitamyndir af hverum, og aðrar af eldgosum. Þessar myndir verða á sýningunni nú. Ásgrímur hefur álitið Ítalíudvölina vera fyrst og fremst námsdvöl, hann skoðaði byggingar, og sótti söfnin af kappi, og þar opnaðist honum nýr furðuheimur.

— En hvað með sýningar, hvenær hélt Ásgrímur fyrstu sýningu sína?

Það mun hafa verið árið 1902, í *hinu svokallaða Melstedshúsi* þar sem nú er Útvegsbankinn. Og auðséð er af heimildum, að þjóðsagnamyndirnar vöktu mikla athygli þegar í upphafi, en á sýningum Ásgríms uppúr aldamótum mun hann hafa sýnt nokkrar slíkar myndir, m.a. **Nátttröllið á glugganum,** sem hann gerði fyrir Lesbók barna og unglinga, myndina málaði Ásgrímur árið 1905, og varð hún meðal þekktustu mynda hans. Fyrsta gagnrýnin á verkum Ásgríms birtist í Þjóðviljanum árið 1906, og hann skrifaði Þorsteinn Erlingsson skáld. Í gagnrýni hans má m.a. lesa þessi ummæli:

„...Mörgum okkar mun hafa hnykkt við þegar við sáum myndir hans úr þjóðsagnaheiminum okkar. Við höfðum spígsporað um þennan huliðsheim aftur og fram og kunnum allar sögurnar utan bókar, og hvað höfum við séð? Við kunnum nöfnin, en þau voru aðeins hljómur, og þeim fylgdu engar myndir, eða þá fáar *og eins og í þoku, óljósar og* reikandi.

En hvað hafði Ásgrímur séð þar? Það var dálítið annað og dálítið glöggvara, og manni bregður kynlega við að sjá, að einn af samferðamönnum manns um þessar leiðir skuli hafa séð þar vel kvikt og lifandi, með lit og yfirbragði, svo að hann þekkir svipi drauga, álfa og trölla, eins og það væri kunningjar hans úr nágrenninu.

Manni eykst ekki mikið álit á skarpskyggni sjálfs sín eða hugsjóna afli, þegar maður sér, hve mikið hann sá og hve lítið við sjálfir...“

Og um myndina af Nátttröllinu á glugganum segir Þorsteinn: „Hún var gimsteinninn hjá Grími. Og gott var, að hún var eftir Íslending.“

— Vann Ásgrímur að teikningum allt árið, eða voru teikningarnar ígripavinna?

— Mér er ekki kunnugt hvernig hann hagaði vinnutíma sínum áður fyrr. En eftir að ég kynntist honum var aðal teiknitíminn skammdegið. Í nóvember, desember og janúar lagði hann að mestu frá sér pennslana, settist þá við stofuborðið sitt, og teiknaði á því. Á þessu fallega marmaraborði, sem hann keypti úr búi fransks konúls, sem hér mun hafa dvalið kringum 1910, urðu margar persónur þjóðsagnanna til.

— Hvað eru margar myndir á *sýningunni, sem sýndar verða í* fyrsta sinn nú?

Ég býst við að það séu um 160—70 verk sem hafa ekki komið fyrir almenningssjónir áður. Stærð mynda sem við getum sýnt í Ásgrímssafni er mjög takmörkuð. Stærstu myndunum er afar erfitt að koma þar fyrir. Það er af og frá að við getum sýnt fleiri en tvær stórar myndir á sýningu. Þá höfum við orðið að fá smið til þess að taka í sundur rammana, svo að hægt sé að koma myndunum uppúr málverkageymslunni og uppí vinnustofu Ásgríms, sem er eini sýningarsalurinn í húsi hans. Í heimilinu er aðeins hægt að sýna litlar myndir, og verða þá venjulega fyrir valinu vatnslitamyndir.

Í Ásgrímssafni er töluverður fjöldi stórra olíumálverka, sum þeirra um 2 metrar á breidd. Í janúar 1975 sendum við stærstu myndir safnsins, 21 olíumálverk, í einskonar „aðgerð“ til Statens Museum for Kunst í Kaupmannahöfn. Þessar myndir eru með síðustu verkum Ásgríms, geysilega þykkt málaðar, en algerlega óskemmdar.

Viðgerðameistarinn í danska safninu, Steen Bjarnhof, tjáði mér að þessar þykkt máluðu myndir yrðu eyðileggingunni að bráð með tímanum, léreftið mundi ekki þola litaþungann og detta af. En hægt væri að bjarga slíkum myndum frá tortímingu. Fyrir nokkrum árum sendum við svo tvö olíumálverk í þessa „aðgerð“, og okkur fannst það mikil furða hvernig búið var að ganga frá myndunum þegar við fengum þær aftur frá Danmörku. Þetta 21 málverk kom hingað fyrstu daga í febrúar, og þá búið að vera rúmt ár að heiman. Nokkrar þessara mynda verða á sýningunni. Og með heimkomu þeirra er lokið viðgerðarstarfsemi Ásgrímssafns.

Steen Bjarnhof er snillingur í viðgerð myndlistaverka, og hefur í þjónustu sinni starfslið með mikla sérþekkingu í þessari grein. Hann og þetta fólk hans hefur bjargað mörgum úrvalsverkum Ásgrímssafns frá algjörri eyðileggingu, sem orðið hefði örlög þeirra ef ekkert hefði verið afhafzt.

— Og að lokum, er ekki viðgerð málverka afar dýr, og hvernig hefur Ásgrímssafni tekizt að fá fé til greiðslu á þessum kostnaðarlið?

Ýmsir góðir velunnarar safnsins, og raunar allur almenningur, hefur greitt viðgerðarkostnaðinn með því að kaupa listaverkakortin, sem safnið hefur látið prenta og gefið út fyrir jólin. Kortin hafa algerlega staðið undir öllum viðgerðar- og hreinsunarkostnaði málverkanna í um 15 ár, en eins og flestum er kunnugt fannst að Ásgrími látnum bunki af olíumálverkum í hinum lélega og saggasama kjallara í húsi hans. Margar af myndum þessum voru mjög illa farnar, en í þær hafði komizt raki. Sumar þeirra voru dæmdar ófullgerðar, en aðrar eru meðal úrvalsverka safnsins. Dómendur voru Gunnlaugur Scheving og Jón Þorleifsson, listmálarar. Einnig Jón bróðir Ásgríms.

Ásgrími Jónssyni hefði áreiðanlega verið það óljúft að ríkið þyrfti að bera allan þann mikla kostnað, sem öll þessi viðgerð hefði í för með sér. Því var það ráð tekið að reyna að láta safnið sjálft standa undir þeim kostnaði, og það hefur blessazt með kortaútgáfunni.

En ramma utan um þessi verk, og líka úrvals blindramma, hefur ríkið greitt í þessi 15 ár. Vil ég að lokum þakka fyrir hönd Ásgrímssafns alla þá góðu fyrirgreiðslu af hendi þeirra sem um þá fjárveitingu hafa fjallað, því að þessi rammakostnaður hefur verið all verulegur.

Og nú álít ég að búið sé að ganga vel frá myndlistargjöf Ásgríms Jónssonar, því að lokið er viðgerð og hreinsun á öllum verkum safnsins, sem þess þurftu með, og safnið allt því komið í það horf sem viðunandi er til frambúðar.

Ég er afar þakklát Reykjavíkurborg fyrir að gefa almenningi kost að að skoða verk Ásgríms í hinum rúmgóðu húsakynnum á Kjarvalsstöðum. Þar er nú unnið af fullum krafti við að koma sýningunni fyrir, en hún verður í öllu húsinu. Í sýningarnefnd eru Guðmundur Benediktsson myndhöggvari, Hjörleifur Sigurðsson listmálari, Þorvaldur Skúlason listmálari og ég. Þeir hafa allan veg og vanda af fyrirkomulagi og upphengingu sýningarinnar, og hafa sér til aðstoðar Stefán Halldórsson kennara.

Flauelsbuxurnar margeftirspurðu nýkomnar

Tvíhleypt efni, vönduð vara, nr. 28—35 kr. 2060.—. Karlmannaföt, nýkomin kr. 10.975.— tækifæriskaup. Á útsölunni: terylenebuxur kr. 1975.—, úlpur kr. 2675.—, nærbuxur kr. 150.— o.fl.
Opið föstudag til kl. 7 og laugardag til kl. 12.
Andrés, Skólavörðustíg 22.

MARKAÐSÖFLUN
fyrir norska álframleiðslu
í Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi og Íslandi

PLAN TEAM hefir haldgóða þekkingu á notkun áls í byggingariðnaði.
PLAN TEAM hefir hannað og framleitt burðarhluta úr áli til byggingar iðnaðarhúsnæðis, geymsluhúsnæðis, verkstæðishúsnæðis o.s.frv.
PLAN TEAM hefir framleitt slíkt húsnæði fyrir norskan markað þar sem það nýtur mikilla vinsælda. Ástæður fyrir yfirburðum húsa úr áli eru:
LÍTIL EÐLISÞYNGD
(ALU 15—450 fm vegur ca. 8.000 kp — 8 t.)
FLJÓT UPPSETNING
(Án þess að nota stóra krana).
LÍTILL FLUTNINGSKOSTNAÐUR
(vegna lítillar eðlisþyngdar).
LÍTILL KOSTNAÐUR VIÐ UNDIRSTÖÐUR
(Vegna lítillar eðlisþyngdar).
LÁGT VERÐ.
ÁLHÚSIN eru fjöldaframleidd í dag í þessum stuðluðu stærðum:

ALU 8 (8mx15m)
ALU 10 (10 mx 20 m)
ALU 12 (12 m x 25 m)
ALU 15 (15 m x 30 m)
ALU 18 (18 m x 40 m)

Auk þessara stöðluðu gerða er hægt að fá stærri eða minni hús eftir einingakerfi. Einnig er **ALU 25** tilbúið veturinn 1976.
Öll ALU húsin eru gerð með það fyrir augum að þola snjóþyngsli og hvassviðri samkvæmt stöðluðum kröfum sem eru gerðar þar sem veðurharka er mest í Noregi.
ALU húsin *eru einnig afhent með stöðluðum* hita- og brunaeinangrunarefnum.
PLAN TEAM hefir einnig hannað margar aðrar góðar framleiðsluvörur úr áli og **PLAN TEAM** óskar eftir að koma þeim á markað á Norðurlöndum.
VM-COMBI kerfið er stórsnjöll lausn til að koma upp gróðurhúsi, bílskúr, litlum geymsluskúr eða þægilegu skýli yfir efni o.s. frv.
Þarna er aðeins um að ræða áltengingar sem ásamt stöðluðu timbri í ákveðnum lengdum leysir vandann á fljótan og hagkvæman hátt. Þessir hlutir eru ákaflega vinsælir í Noregi.
VM-stiginn er brúna-, lóðs-, turna- og geymastigi úr áli, er þolir seltu, til nota í einkahúsnæði í landbúnaði og um borð í skipum.
PLAN TEAM óskar að komast í samband við traust fyrirtæki í Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi og á Íslandi sem hafa fjárhagslegt bolmagn, rekstrarmöguleika og reynslu til að koma framleiðslu okkar vel á framfæri á sínum heimamörkuðum. Eftir um það bil árs reynslutíma mun **PLAN TEAM** ræða möguleikana á framleiðslu að hluta í þessum löndum.
PLAN TEAM tekur aðeins til greina formlegar skriflegar fyrirspurnir með nákvæmum upplýsingum um fyrirtækið, bankasambönd þess ásamt meðmælum, sem senda skal til:

PLAN TEAM A/S
Postboks 111, Bekkelagshögda,
Oslo 11,
NORGE.